AUGLÝSING

um gildistöku breytingar á Norðurlandasamningi um samstarf á sviði menningarmála.

Hinn 12. febrúar 1986 öðlaðist gildi samningur frá 6. maí 1985 um breytingu á Norðurlandasamningi frá 15. mars 1971 um samstarf á sviði menningarmála, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1985 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. febrúar 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

25. mars 1986 Nr. 6

AUGLÝSING

um framlengingu samnings við Cabo Verde um þróun fiskveiða.

Með orðsendingaskiptum 12. og 19. mars 1986 var gengið frá framlengingu samnings milli Íslands og Cabo Verde frá 27. nóvember 1981 um þróun fiskveiða um fimm ár, til 31. desember 1990, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1981 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. mars 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

25. mars 1986 Nr. 7

AUGLÝSING

um breytingar á Norðurlandasamningi um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland.

Hinn 21. mars 1986 var undirritaður í Reykjavík viðbótarsamningur við samning frá 12. desember 1969 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1970 og 13/1980. Viðbótarsamningurinn tók gildi 30. maí 1986 í samræmi við 4. gr. hans. Alþingi hafði með lögum nr. 59/1985 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta viðbótarsamninginn.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. mars 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR

við samning milli Danmerkur, Íslands, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem óska að gera með sér viðbótarsamning við samning frá 12. desember 1969 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland (hér eftir nefndur samningurinn), sem var breytt með viðbótarsamningi frá 29. apríl 1980, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

1. liður samningsins orðist svo:

„1. Tilgangur

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi og skal hann leggja megináherslu á tækni- og iðnþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna."

2. gr.

3. liður samningsins orðist svo:

„3. Gengisákvæði

Reikningseining sjóðsins skal vera jöfn einum bandaríkjadal. Lán, sem tekin eru í öðrum gjaldmiðli en bandaríkjadal, skulu endurlánuð í sama gjaldmiðli. Lán, sem veitt eru af eigin fé sjóðsins, má veita í öðrum gjaldmiðli eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins."

3. gr.

4. liður samningsins orðist svo:

„4. Starfshættir

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

a) að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila,

b) að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum,

c) að kaupa í sérstökum tilvikum hlutabréf í nýjum og starfandi fyrirtækjum, enda verði að því stefnt að selja hlutabréfin strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir,

d) að veita í sérstökum tilvikum lán með hagstæðum kjörum eða framlög, m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna, vöruþróunar og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meira en 10% af stofnfénu. Frá og með

TILLÆGSAFTALE

til aftalen mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om en nordisk industrialiseringsfond for Island

Regeringerne i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige er, foranlediget af ønsket om at indgå en tillægsaftale til aftalen af 12. desember 1969 mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om en nordisk industrialiseringsfond for Island (nedenfor kaldet "aftalen") som blev ændret med tillægsaftale af 29. april 1980, blevet enige om følgende:

Artikel 1

Paragraf 1 i aftalen får følgende nye ordlyd:

"1. Formål

Fondens formål er at fremme opbygning af et alsidigt og konkurrancedygtigt erhversliv i Island med hovedvægt på den tekniske og industrielle udvikling samt industrielt og kommercielt samarbejde mellem Island og de øvrige nordiske lande."

Artikel 2

Paragraf 3 i aftalen får følgende nye ordlyd:

"3. Kursbestemmelser

Fondens regningsenhed skal være lig en US $. Lånemidler som optages i en anden valuta end US $ skal lånes ud i samme valuta. Lån tilsvarende fondens reserver udover grundkapitalen kan lånes ud i den valuta som bestyrelsen bestemmer."

Artikel 3

Paragraf 4 i aftalen får følgende nye ordlyd:

"4. Virksomhed

Fonden arbejder for sit formål ved at:

a) yde lån til bestemte projekter, enten alene eller i samarbejde med andre parter

b) garantere for lån som givet er af andre parter

c) i særlige tilfælde købe aktier i nye og igangværende virksomheder under forudsætning af at disse aktier bliver solgt igen så snart forholdende tillader og det anses for hensigtmæssigt

d) i særlige tilfælde yde lån på lempelige vilkår eller tilskud til f.eks. teknisk bistand, forskning, produktudvikling og markedsundersøgelser. Sådanne lån og tilskud må tilsammen ikke overstige 10% af grundkapitalen. Fra og med året 1980 er

árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eigin fé sjóðsins eins og það var í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Fé til ofangreindrar starfsemi fær sjóðurinn af stofnfé sínu, tekjum og með lántökum. Ákvarðanir um lánveitingar, hlutabréfakaup og ábyrgðir skulu vera í samræmi við almenn viðskiptasjónarmið.

Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjár og eigin fjár. Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða sem hafa sama tilgang og sjóðurinn. Sama gildir um kaup á hlutabréfum.

Þess skal ávallt gætt að á móti óendurgreiddum stofnframlögum og lánum til sjóðsins standi lán með fullnægjandi tryggingum.

Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við íslenskar lánastofnanir."

4. gr.

1. Viðbótarsamningur þessi öðlast gildi 21 degi eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt íslenska utanríkisráðuneytinu að uppfylltar hafi verið þær kröfur sem gerðar eru til gildistöku hans.

2. Íslenska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum aðilunum um móttöku þessara tilkynninga og gildistöku viðbótarsamningsins.

5. gr.

Frumrit viðbótarsamnings þessa skal varðveitt í íslenska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðilunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þessa hafa fullt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

Gjört í Reykjavík hinn 2. mars 1986 í einu eintaki á dönsku. Aðilar munu fljótlega með því að skiptast á orðsendingum koma sér saman um finnskan, íslenskan, norskan og sænskan texta sem skulu vera jafngildir danska textanum. Íslenska utanríkisráðuneytið skal senda hinum aðilunum staðfest afrit textanna.

det, i samme hensigt, tilladt i tillæg hertil at disponere over 10% af fondens egenkapital ved begyndelsen af 1980, samt 10% af hvert års driftsoverskud, for første gang af driftsoverskuddet for 1980.

Fonden får kapital til forannævnte virksomhed gennem sin grundkapital, indtægter og ved låntagning. Beslutninger om lånydelser, garantier og køb af aktier skal være i overenstemmelse med almindelige forretningsmæssige principper.

Fonden skal tage sigte på at sikre en naturlig forretning af fondens grundkapital og egenkapital. Lån, tilskud eller garantier kan ydes til virksomheder i privat eller offentlig eje og finansieringsinstitutioner, som har samme formål som fonden. Det samme gælder om køb af aktier.

Der skal til enhver tid drages omsorg for at ikke tilbagebetalt grundkapital og lån til fonden dækkes af lån mod tilfredsstillende sikkerhed.

Fonden skal arbejde nært sammen med islandske låneinstitutioner."

Artikel 4

1. Denne tillægsaftale træder i kraft 21 dage efter den dag da samtlige parter har meddelt det islandske udenrigsministerium, at de foranstaltninger, som kræves for tillægsaftalens ikrafttrædelse, er gennemført.

2. Det islandske udenrigsministerium meddeler de øvrige parter om modtagelsen af disse meddelelser og om tillægsaftalens ikrafttrædelse.

Artikel 5

Originaleksemplaret til denne tillægsaftale deponeres i det islandske udenrigsministerium, som vil oversende bekræftede kopier til de øvrige parter.

Til bekræftelse heraf har undertegnede, som er behørigt bemyndiget dertil, undertegnet denne tillægsaftale.

Udfærdiget i Reykjavik den 21. marts 1986 i ét eksemplar på dansk. Parterne vil snarest ved noteveksling enes om en finsk, islandsk, norsk og svensk tekst som skal have samme gyldighed som den danske tekst. Det islandske udenrigsministerium vil oversende bekræftede kopier af teksterne til de øvrige parter.